

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

*Deiliskipulag Einarshafnarhverfis á Eyrarbakka.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 11. október 2006 tillögu að deiliskipulagi svonefnds Einarshafnarhverfis á Eyrarbakka í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:1000/2000 þann 24. ágúst 2004 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 19. október til og með 3. desember 2005.

Uppdráttur og greinargerð vegna tillögunnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Selfossi, 11. desember 2006.*

**Bárður Guðmundsson,**  
skipulags- og byggingarfulltrúi Sveitarfélagsins Árborgar.